



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

föstudagur, 18. maí, 2007

Ákvörðun nr. 21/2007

Kaup 365 hf. á Inn ehf.

I.

Með bréfi frá Mörkinni Lögmannsstofu hf., dags. 30. apríl 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup 365 hf. (365) á öllu hlutafé Fons Eignarhaldsfélags hf. (Fons) í Inn ehf. (Innn). Bréfinu fylgdi samrunatilkynning, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 881/2005¹ um tilkynningu samruna. Bréfinu fylgdi einnig kaupsamningur, dags. 28. febrúar 2007, auk ársreikninga 365 fyrir árið 2006 og drög að ársreikningi Inn fyrir sama ár. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur umræddur kaupsamningur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaefirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

II.

Í tilkynningunni segir að aðdragandi samrunans hafi verið sá að forsvarsmenn Fons hafi snúið sér til forsvarsmanna 365 með það fyrir augum að selja 365 öll hlutabréf í Inn. Hafi það leitt til þess að hinn 28. febrúar sl. hafi verið gengið frá kaupsamningi þess efnis. Kemur fram í tilkynningunni að markmið samrunans sé að reka Inn áfram í óbreyttri mynd og telja samrunaaðilar kaupin styrkja stoðir 365.

Inn starfi á markaði fyrir vefsíðugerð sem sé undirmarkaður upplýsingatæknimarkaðar. Inn sé hugbúnaðar- og þjónustufyrirtæki og hafi einkum starfað við að þróa og selja vefumsjónakerfið LiSA. Samkvæmt samrunatilkynningunni stafa 95% af tekjum Inn af útseldri vinnu vegna veflausna tengdum LiSA og tengingum við önnur upplýsingkerfi.

III.

Um 365 segir í tilkynningunni að fyrirtækið sé fjölmiðlafyrirtæki. 365 reki fjölda ljósvaka- og prentmiðla en sé ekki starfandi á markaði þar sem áhrifa samrunans gæti, þ.e. þeim markaði sem Inn starfar á. Helstu rekstrareiningar 365 eru sjónvarpsstöðvarnar Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2 Bíó, Popptíví, Sirkus og Sýn. Útvarpsstöðvar 365 eru Bylgjan, Gullbylgjan, FM957, X-ið, Léttbylgjan og Nýbylgjan. Prentmiðill 365 er dagblaðið Fréttablaðið. Auk þessa eru Sena og D3 miðlar í eigu 365.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



IV.

Samkeppniseftirlitið aflaði í máli þessu sjónarmiða hjá helstu keppinautum Inn. Gerði enginn þeirra athugasemd við samrunann og töldu ekki að Inn væri að styrkja stöðu sína á markaðnum með samruna við 365. Að mati Samkeppniseftirlitsins er nokkrum vandkvæðum bundið að meta heildarveltu á markaðnum sem hér um ræðir. Á honum starfa 7-8 fyrirtæki sem ætla má að hafi hvert um sig óverulega markaðshlutdeild eða í kringum 10%. Auk þess starfa allmörg minni fyrirtæki og einyrkar á þessum markaði.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins, sem m.a. er byggt á upplýsingum frá stærstu aðilum á markaðnum, að hlutdeild Inn af heildarmarkaðnum sé í kringum tíund af markaðnum. Er það í nokkru samræmi við mat samrunaaðila.

V.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa ekki til kynna að framangreindur samruni muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Inn starfar á öðrum markaði en þeim sem 365 hafa haslað sér völl á. Ekki verður séð að markaðsráðandi staða verði til við samrunann né slík staða komi til með að styrkjast. Þá ber að hafa í huga að litlar aðgangshindranir eru á þeim markaði sem Inn starfar á.

Að öllu framansögðu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna 365 og Inn á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með samningi dags. 28. febrúar 2007, keypti 365 hf. allt hlutafé Fons Eignarhaldsfélags hf. í Inn. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson